

REGLUGERÐ

um skikkjur dómara og málflytjenda.

1. gr.

Héraðsdómarar skulu bera skikkjur við dómstörf í dómsölum. Dómaraskikkjur skulu vera dökkbláar að lit, með bláum bryddingum og uppslögum úr flaueli.

Fulltrúar dómara skulu með sama hætti og dómarar bera dómaraskikkjur við dómstörf í dómsölum.

2. gr.

Ákærendur skulu bera skikkjur við málsókn í opinberum málum. Skulu þær vera svartar með bláum bryddingum og uppslögum úr flaueli. Skikkjur annarra málflytjenda skulu vera sams konar.

3. gr.

Kostnaður við dómaraskikkjur og skikkjur sem fulltrúar ákæruvaldsins bera greiðist úr ríkissjóði.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 24. gr. laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna nr. 38 14. apríl 1954 og öðlast gildi 1. júlí 1992. Jafnframt falla úr gildi ákvæði í V. kafla reglugerðar um einkennisbúninga héraðsdómara, hreppstjóra, tollgæslumanna og bifreiðaeftirlitsmanna og sérstakra löggæslumanna nr. 145 11. október 1946 er varðar dómarakápur.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 19. júní 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Þorsteinn Geirsson.

GJALDSKRÁ

fyrir stefnuvotta.

1. gr.

Fyrir birtingu á hvers konar tilkynningu, skal greiða stefnuvotti 700 króna þóknun, vegna hvers manns sem hún er birt fyrir.

2. gr.

Stefnuvottur skal fá greiddan aksturskostnað, 700 krónur, vegna hvers birtingar. Ef birtar eru samtímis fleiri en ein tilkynning á hendur sama manni eða tveimur einstaklingum á sama heimili, skal þó aðeins greiða aksturskostnað sem um eina birtingu væri að ræða.

Sé um lengri veg að fara en 30 kílómetra skal aksturskostnaður ákveðinn í samræmi við akstursgjald sem ákveðið hefur verið fyrir ríkisstarfsmenn.

3. gr.

Póstkostnaður vegna birtingar skal greiddur af þeim sem æskir birtingarinnar.